

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Gunnarsholt



<b>Dags eftirlits</b>	22.8.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Ásgeir Björnsson
<b>Fyrirtæki</b>	ORF Líftækni ehf	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Víkurhvarfi 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	420201-3540	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ingimundur Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Ræktunarsvæði  
Staðsetning  
Stærð  
Fjarlægð í næsta byggakur  
Varnaráðstafanir  
Rafgirðing  
Fuglavarmlínur  
Hafrabelti  
Ræktunarsaga yfirfarin  
Sáningartími og skrið  
Athuga hvort einhver ummerki væru eftir dýr eða fugla

### Frávik frá

Skilyrði um að ræktunarsvæði skuli afmarkað með rafgirðingu.

### Lýsing á fráviki

Rafgirðing var án rafmagns. Gera má ráð fyrir að ofangreint leyfisskilyrði nái einnig til þess að girðingin sé með rafmagni.

Að yfir ræktunarsvæði skal strengja línur þrjár varnarlínur lágu á jörðinni. eða net til að fæla frá hugsanlegar fuglakomur.

## ATHUGASEMDIR

Hafrabelti var utan um byggakurinn, í samræmi við leyfisskilyrði. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að slæðingur var af byggplöntum í hafrabeltinu (óerfðabreyttar byggplöntur skv. leyfishafa),

## ANNAÐ

Eftirlitsaðili Umhverfisstofnunar kom í eftirlit kl. 15:15, þann 22. ágúst sl. á ræktunarsvæði ORF Líftækni hf. fyrir erfðabreytt bygg í Gunnarsholti. Reynir Þorsteinsson, fulltrúi ORF Líftækni hf. var til staðar við eftirlitið. Fjarlægð í næsta byggakur var fullnægjandi. Engin ummerki sáust eftir dýr eða fugla á akrinum. Myndir voru teknar. Eftirliti lauk 16:10.

Skv. fulltrúa leyfishafa, næsta dag, var búið að koma rafmagni á rafgirðinguna (skipt var um rafgeymi) og línur lagaðar.

Reykjavík, 25.09.2013

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.